

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 10. febrúar 1987

um breytingu á fyrstu tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara

(87/143/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/137/EBE ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi vísinda- og tæknibekkingar er nauðsynlegt að breyta greiningaraðferðinni til að ákvarða sink. Því ber að breyta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/1335/EBE ⁽³⁾.

Ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. kafla í viðauka við tilskipun 80/1335/EBE:

1. Við 5. lið bætist eftirfarandi:

„5.13. Whatman-síupappír nr. 4 eða sambærilegur pappír.“

2. Við 6.1 bætist eftirfarandi:

„6.1.1. Sýnið er síað með lofttæmingardælu ef þörf krefur og síuvökvinn geymdur.

6.1.2. Útdrátturinn er endurtekinn á ný með 50 ml af eimuðu vatni. Lausnin er síuð og síuvökvunum blandað saman.“

3. Í 6.2 skal tilvísun í lausnina að vera 6.1.2 í stað 6.1.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1988. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 1987.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Grigoris VARFIS

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.⁽²⁾ Stjtið EB nr. L 56, 26. 2. 1987, bls. 20.⁽³⁾ Stjtið EB nr. L 383, 31. 12. 1980, bls. 27.